

Föstudaginn 20. maí 1983.

Nr. 13/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Ernu Geirlaugu Mathiesen**

(Páll A. Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttar-dómari.

Máli þessu var áfrýjað 29. desember 1982 að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákærvalds refsingu til þyngingar. Ágrip málgagna barst Hæstarétti 29. mars 1983.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var tekið fram af hálfu ákærvalds, að vegna þess, sem kom fram við rannsókn málsins um áfengisneyslu ákærðu, eftir að akstri lauk, yrði að telja varlegast að leggja til grundvallar, að við aksturinn hefði áfengismagn í blóði ákærðu ekki náð því lágmarki, sem til er tekið í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Bæri því einungis að því er þetta ákæruatriði varðar að refsa ákærðu fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Verður að skilja greinda yfirlýsingu sem breytingu á ákæru-skjali, sem ákærvaldi sé heimil samkvæmt niðurlagsákvæði 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms og framan-greindrar breytingar ákærvalds á ákærunni í málinu þykir mega telja sannað, að ákærða hafi gerst sek um atferli það, sem henni er gefið að sök, og með því brotið gegn 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. og 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Samkvæmt 80. gr. greindra laga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976, og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga verður refsing ákærðu ákveðin 7.500.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 12 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birt-ingu dóms þessa.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærðu ökurétt-

indum í 8 mánuði frá uppsögu héraðsdóms 10. desember 1982, en ákærða var viðstödd dómsuppsögu.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærða greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.500.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 4.500.00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærða, Erna Geirlaug Mathiesen, greiði 7.500.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 12 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða er svipt ökuréttindum í 8 mánuði frá 10. desember 1982 að telja.

Ákærða greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.500.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 4.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. desember 1982.

Ár 1982, föstudaginn 10. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 487/1982: Ákærvaldið gegn Ernu Geirlaugu Mathiesen, sem tekið var til dóms þann 2. desember sl.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 1. september 1982, gegn ákærðu, Ernu Geirlaugu Mathiesen skrifstofumanni, Víðimel 62, Reykjavík, fæddri 12. apríl 1928 í Hafnarfirði, „fyrir að aka föstudaginn 16. apríl 1982 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G 5340 frá vinnustað sínum í Tollvörugæymslunni í Reykjavík að áfengisútsölnunni við Lindargötu, aka þar svo óvarlega, að bifreið ákærðu rakst á bifreiðina R 9384, og aka síðan racleitt brott af vettvangi, án þess að gera viðeigandi ráðstafanir vegna ákeyrslunnar, heim til sín.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þeir, að kl. 1720 föstudaginn 16. apríl sl. var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að bifreiðinni G 5340 hefði verið ekið á bifreiðina R 9384 við áfengisverslunina á Lindargötu og hefði fyrrnefndri bifreið verið ekið á brott af vettvangi. Kristján Zóphóníasson var vitni að árekstrinum. Kvaðst hann hafa séð miðaldra konu aka bifreiðinni G 5340 utan í hægra afturhorn R 9384 og síðan á brott. Ökumaðurinn, sem var einn í bifreiðinni, hefði örugglega orðið árekstrarins var. Tveir lögreglumenn fóru á vettvang, þeir Gunnlaugur K. Jónsson og Benedikt Benediktsson rannsóknarlögreglumaður. Að loknum störfum þar óku þeir að Reynimel 62 (sic), en þeir höfðu fengið upplýsingar um það frá fjarskiptum, hver væri skráður eigandi bifreiðarinnar G 5340. Reyndist hann vera eiginmaður ákæru. Er þeir komu á vettvang, var bifreiðin komin þangað. Í íbúð ákærðu í kjallara hússins voru þá fyrir lögreglumennirnir Ólafur Guðmundsson og Stefán Línadal ásamt ákærðu. Í frumskýrslu lögreglu er haft eftir Ólafi, að hann hafi komið ásamt Gísla Þorsteinssyni um einni mínútu á eftir G 5340 á staðinn, en bifreiðinni mættu þeir á Hringbrautinni, og sneru þeir við og hófu eftirför, þar sem þeim var kunnugt um, að lýst hafði verið eftir bifreiðinni þá skömmu áður. Kvaðst Ólafur hafa bankað á allar dyr hússins nr. 62 og hringt dyrabjöllum, en enginn svarað. Skömmu síðar kom Stefán Línadal lögreglumaður í lögreglubifreið á staðinn, og kom hann Ólafi til aðstoðar. Kvaðst Ólafur hafa farið að tala hátt um það, að réttast væri að fá úrskurð um að komast inn í íbúðina, en þá hefði ákærða opnað fyrir þeim útidyr kjallaraíbúðarinnar. Að sögn lögreglumanna á vettvangi liðu u. þ. b. 5 mínútur, frá því er þeir komu á staðinn og þar til opnað var fyrir þeim. Hald var lagt á áfengisflösku, sem var í eldhúsinu, og drakk ákærða ekkert af því, eftir að lögreglan kom.

Ákærða var færð fyrir varðstjóra. Viðurkenndi hún að hafa ekið á bifreið við áfengisverslunina á Lindargötu, en ekið af vettvangi, þar sem hún hafi „sjokkerast“, og ekið brott beint heim. Er hún kom heim, hafi hún drukkið stóran sopa af hvannarótarbrennivíni svo og lítils háttar úr flöskunni út í kaffi. Kvaðst hún hafa drukkið af óátekinni flöskunni og aðeins drukkið úr þeirri flösku. Að lokinni yfirheyrslu hjá varðstjóra var ákærða færð til töku blóðsýnis til alkóhólrannsóknar, þar sem henni var tekið blóð kl. 1840. Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar mældist 1.96‰ í blóði ákærðu. Framangreind hvannarótarbrennivínsflaska, sem hald var lagt á og fylgt hefur málinu, er tæplega axlarfull, og mældust 15 cm í efri brún áfengis frá botni flöskunnar. Samkvæmt varðstjóraskýrslunni var ákærða mjög greinilega undir áhrifum áfengis (skýrslutaka hófst kl. 1800), áfengisþefur af henni var sterkur, andlit þrútið, augu rauð, jafnvægi óstöðugt, málfar skýrt, framburður greinargóður, og ákærða var kurteis í framkomu.

Ákærða var yfirheyrð fyrir lögreglu þann 29. apríl sl. Kvaðst hún hafa farið frá vinnustað sínum um kl. 1700 á bifreiðinni með viðkomu í áfengisversluninni á Lindargötu, þar sem hún keypti áfengisflösku. Kvaðst henni hafa orðið mikið um (sic), þegar hún ók á bifreið þar fyrir utan verslunina, og því farið af staðnum og rakleiðis heim, þar sem hún drakk af flöskunni, sem hún hafði keypt, er síðar var lagt hald á. Var hún farin að finna til verulegra áfengisáhrifa, þegar hún kom á lögreglustöðina, enda hafði hún aðeins borðað eitt epli þennan dag. Ekki hafi liðið langur tími, frá því er hún kom heim og þar til lögregluna bar að, en á þeim tíma hafði hún tíma til að drekka það áfengismagn, sem mældist í blóði hennar. Ákærða gerði ekki athugasemdir við varðstjórnarskýrsluna að því er varðar það áfengismagn, er hún þá viðurkenndi að hafa drukkið að akstri loknum.

Þann 27. apríl sl. voru allir framangreindir lögreglumenn yfirheyrðir hjá lögreglu.

Gísli Þorsteinsson kvaðst hafa verið á Hringbraut í lögreglubifreið, sem hann ók, ásamt Ólafi Guðmundssyni, er þeir mættu G 5340, en þá skömmu áður hafi verið auglýst eftir bifreiðinni vegna afstungu. Voru þeir á leið austur Hringbraut og voru komnir rétt austan gatnamótanna við Hofsvallagötu, er þeir mættu bifreiðinni. Ók hann að næstu gatnamótum til að snúa við, og hófu þeir eftirför. Við Hofsvallagötu þurftu þeir að stoppa vegna umferðarljósanna, en ökumaður G 5340 komst yfir á ljósunum og slapp því einu ljósi á undan þeim. Á leiðinni var gefið upp nafn og heimilisfang eiganda bifreiðarinnar. Það síðarnefnda var Viðimelur 62. Bifreiðin var mannlauus þar fyrir utan, þegar þá bar að. Knúðu þeir á dyr, en ekki var ansað. Fleiri lögreglumenn komu á staðinn, og hafði Gísli ekki frekari afskipti af málinu.

Ólafur Guðmundsson bar á sama hátt og Gísli um aðdraganda komunnar á Viðimel 62. Sagði hann, að þeir hefðu fengið upplýsingar í húsinu um, að eigandi bifreiðarinnar ætti heima í kjallaranum, en er þeir knúðu þar á dyr, var ekki ansað. Í millitiðinni kom þar að Stefán Línal. Hafði Ólafur veitt því athygli, að eldhúsgluggi í kjallara var opin, og kallaði hann inn að opna. Fann hann strax megna áfengislykt, er hann opnaði gluggann. Þegar þessu var ekki sinnt, fór hann að tala um að óska dómsúrskurðar. Opnaði þá kona fyrir þeim, og var þar kominn ökumaður bifreiðarinnar G 5340, sem þeir áður höfðu mætt. Var konan greinilega undir áfengisáhrifum. Ólafur taldi, að u. þ. b. 5—10 mínútur hafi liðið, frá því er þeir mættu G 5340 á Hringbrautinni og þar til þeir voru komnir inn í íbúðina. Konan hefði sagt þeim að fyrra bragði, að hún hefði drukkið áfengi, eftir að hún kom heim, og vísaði þeim á brennivínsflösku, sem var á eldhúsborðinu. Kvaðst hún hafa drukkið áfengið út í kaffið. Rétt á eftir komu þarna

rannsóknarlögreglumenn, sem höfðu afskipti af árekstrinum, sem konan lenti í, og fór hann þá af staðnum.

Benedikt Benediktsson, sem annaðist rannsókn á vettvangi við áfengisverslunina á Lindargötu, kvaðst hafa farið að Víðimel 62 að því verki loknu. Þar voru þá fyrir lögreglumenn. Hann hafi merkt, að ákærða hafi verið undir áhrifum áfengis. Á staðnum hafi komið fram, að hún hafi drukkið áfengi úr brennivínsflösku, sem hún vísaði þeim á, og tók hann flöskuna, þar sem hún kvaðst ekki hafa drukkið annað áfengi en það, sem á vantaði á flöskuna. Viðurkenndi hún að hafa lent í fyrrgreindum árekstri, en farið af staðnum og beint heim og drukkið framangreint áfengismagn.

Gunnlaugur K. Jónsson staðfesti skýrslu þá, sem hann gaf í upphafi um málið. Þeir Stefán, Ólafur og Gísli hafi verið á heimili ákærðu, er hann kom þangað. Ákærða hafi þá greinilega verið undir áhrifum áfengis. Hún hafi sagst skammast sín fyrir að hafa farið af árekstrarstað, en hún hefði fengið „sjökk“. Hún hafi neitað að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn, en drukkið af brennivínsflösku, eftir að heim kom. Benedikt hafi tekið flöskuna í sínar vörslur. Úr flöskunni hafði verið tekið „rétt í axlir“.

Stefán Lindal kvað þá Ólaf og Gísla hafa verið á staðnum, þegar hann kom þangað. Hann hafi farið með Ólafi að eldhúslugga, sem var opinn, og kölluðu þeir inn. Kom þá kona í ljós og opnaði rétt á eftir. Hann merkti það strax, að hún var undir áfengisáhrifum. Viðurkenndi hún að hafa stungið af frá árekstrinum, en fengið „sjökk“ og drukkið áfengi, eftir að heim kom. Sýndi hún þeim brennivínsflösku, sem hún kvaðst hafa drukkið af, og var flaskan „rétt niður í axlir“. Benedikt hafi tekið flöskuna og því væri unnt að sjá, hve mikið hefði verið af henni tekið. Stefán gat þess, að mikil áfengislykt hafi verið í eldhúsinu.

Hilmar Þorbjörnsson varðstjóri var og yfirheyrður hjá lögreglu þennan dag. Staðfesti hann að hafa tekið greinda varðstjóraskýrslu af ákærðu, sem greinilega hafi verið undir áhrifum áfengis. Hafi hún ekki kannast við að hafa drukkið annað áfengi en um getur í skýrslunni, þ. e. það, sem á vantaði á áfengisflösku þá, sem um er getið í skýrslunni, en af henni hafi verið tekið lítillega, eða á að giska 3 einfaldir sjússar, en hald var lagt á flösku þessa.

Vitnið Kristján Zóphóníasson kom fyrir lögreglu þann 28. apríl sl., og kvað hann vettvangsuppdráttin réttan. Kvaðst hann hafa séð, er bifreiðinni G 5340 var ekið á mannlausa bifreið, R 9384, á staðinu við ÁTVR á Lindargötu. Ökumaðurinn á G 5340, sem var kona, ók á brott af vettvangi, en vitnið skráði niður númer bifreiðarinnar og lét hringja í lögregluna, sem hann lét í té þær upplýsingar, sem honum voru kunnar. Vitnið sá ekki, er ákærða fór út í bifreiðina, og gat ekki borið um ástand hennar.

Ákærða kom fyrir dóm þann 17. september sl. við þingfestingu málsins

og þann 28. sama mánaðar. Bar hún á sama hátt og áður. Neitaði hún að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn og hafði engar frekari skýringar á brottför sinni af vettvangi en áður voru fram komnar, aðrar en þær, að hún hafi verið að flýta sér í Garðabæ, en það hafi komið á sig fum og hún því ákveðið að snúa ekki við, heldur aka heim og hitta eiginmann sinn til að segja honum, hvernig komið var.

Ákærða kvaðst hafa drukkið óblandað brennivín úr kaffikrúku, ca á við tvöfalda blöndu, og enn fremur blandað út í kaffi. Einnig kvaðst hún áður hafa drukkið óblandað áfengi úr glasi, en það síðastnefnda kvaðst hún ekki hafa nefnt í skýrslu sinni fyrir lögreglu. Hún kvaðst hafa verið á salerninu, er þá lögreglumennina bar þar að. Er hún varð þeirra vör, fór hún út í eldhúsgluggann, og síðan í framhaldi af því opnaði hún. Hún kvaðst hafa drukkið áfengið úr brennivínsflösku, er lögreglan lagði hald á, að undanskildu því áfengi, sem hún drakk úr glasinu, en áfengið í því glasi hafi verið til staðar, er hún kom heim. Hún kvaðst telja, að það hafi einnig verið brennivín.

Ákærðu voru kynntir framburðir lögreglumannanna, og kvaðst hún þegar hafa fundið til áfengisáhrifa vegna framangreindra drykkju frá þeim tíma, er hún neytti þess, og þar til lögreglumenn komu á staðinn.

Þann 5. október sl. fóru fram vitnayfirheyrslur í málinu.

Vitnið Gunnlaugur K. Jónsson skýrði frá í öllum atriðum á sama hátt og áður var fram komið í skýrslum hans. Hann sagði enn fremur, að tveir lögreglumenn hafi verið fyrir á staðnum, er þeir Benedikt komu þangað, og opnuðu þeir fyrir þeim. Ákærða hafi virst undir áhrifum áfengis, og kvaðst vitnið hafa merkt það af útliti hennar og andardrætti svo og af atferli, sem honum fannst benda til, að hún hafi ekki einungis neytt þess áfengis, sem hún kvaðst hafa neytt, eftir að hún kom heim. Hann sagði, að það hefði tekið u. þ. b. 5—10 mínútur að ganga frá málinu á vettvangi á Lindargötunni og á móta langan tíma að aka þaðan og að heimili ákærðu. Ákærða hafi borið, að hún hafi fyrst hafið neyslu áfengis, eftir að hún kom heim, og að hún hafi drukkið brennivín út í kaffibolla, sem var þarna í eldhúsinu, og hann minnti einnig, að hún hefði sagt, að hún hefði drukkið nokkra sopa af óblönduðu brennivíni.

Framburður vitnisins Benedikts Benediktssonar kom í öllum meginatriðum heim og saman við frumskýrslu Gunnlaugs um málið. Vitnið sagði, að þeir Gunnlaugur hafi verið að koma úr vettvangsvinnslu vegna umferðaslyss, er tilkynning um áreksturinn við Lindargötu barst, og hafi þeir þá verið skammt frá lögreglustöðinni á Hlemmi, að því er hann minnti. Vettvangskonunnin á Lindargötunni hafi tekið innan við 5 mínútur, og þaðan óku þeir sem leið lá að Víðimel 62 og voru í mesta lagi 8—10 mínútur á leiðinni. A. m. k. þrír lögreglumenn hafi þá verið þar, og að þeirra sögn

hafi þeir verið búnir að biða nokkra stund, áður en ákærða opnaði. Ákærða hafi bæði borið merki ölvunar og þess að hafa verið við drykkju einhvern tíma. Greinilegt hafi verið, að hún hafi verið ölvuð og fundið til áfengisáhrifa. Hún hafi sagt, að hún hafi neytt áfengis úr brennivínsflösku, eftir að hún kom heim, en hald hafi verið lagt á flöskuna, sem var átekin. Vitninu var sýnd flaska, merkt ákærðu, í dóminum og minntist þess, að varðstjórinn hafi límt efri brún merkimiðans við borð flöskunnar, eins og sjá má á flöskunni.

Ólafur Guðmundsson bar á sama hátt og fyrir lögreglu. Kvað hann þá Gísla hafa verið vestast á Hringbrautinni, þegar tilkynningin barst þeim, en bifreið ákærðu mættu þeir austan Hofsvallagötu, og var henni ekið til vesturs. Þeir þurftu að snúa við og lentu einum ljósum á eftir bifreið ákærðu, þ. e. a. s. er hún beygði suður Hofsvallagötu. Vitnið knúði á dyr á tveim samhliða íbúðum í næsta húsi við Viðimel 62, og var þeim vísað á íbúð ákærðu í þeirri síðari. Á heimili hennar kvöddur þeir dyra, en hún opnaði ekki. Það var ekki fyrr en eftir góða stund, eða 5—10 mínútum síðar, sem ákærða opnaði, en áður höfðu þeir gengið í kringum húsið og bankað á glugga, og m. a. lyftu þeir stormjárn á glugga í eldhúsi. Ákærða var ölvuð og virtist bera þess merki að hafa neytt áfengis lengur en þann tíma, sem hún var á heimili sínu. Hún var taugatrekkt og benti þeim á áfengisflösku, sem hún kvaðst hafa drukkið af.

Gísli Þorsteinsson kvað þá Ólaf hafa verið að koma frá Granda, þegar tilkynningin barst, og voru þeir þar í námunda. Um svipað leyti og þeir Ólafur komu að bifreið ákærðu á Viðimelnum, komu fleiri lögreglumenn þar að, m. a. Stefán Líndal. Enginn hafi svarað, er þeir knúðu á dyr hjá ákærðu, en vitnið minntist þess ekki, að þeir Ólafur hafi áður kvatt dyra á fleiri íbúðum. Ákærða hafi verið búin að opna fyrir lögreglumönnum, áður en vitnið fór af vettvangi, en frekari afskipti af málinu hafði vitnið ekki. Vitnið mundi ekki, hversu lengi það staldraði við á vettvangi, áður en það fór. Varðandi önnur atriði skýrði vitnið frá á sama veg og áður.

Stefán Líndal skýrði og frá á sama veg og áður. Hann sagði, að það hafi tekið smátíma, frá því er þeir komu á vettvang, þar til ákærða opnaði fyrir þeim, eða ca 5—10 mínútur. Ákærða hafi verið lítils háttar undir áhrifum áfengis. Áfengisáhrif hafi verið merkjanleg á henni, en í fljótu bragði virtist honum hún ekki áberandi ölvuð, en hann kvaðst þó ekki sérstaklega hafa verið að kanna þetta atriði. Hins vegar hafi hún verið miður sín. Vitnið kvaðst hafa verið í umferðareftirliti, þegar tilkynningin barst, og minnti, að hann hafi þá verið einhvers staðar í austurbænum. Töluverð umferð hafi verið og hann því ekkert sérstaklega verið að flýta sér, enda hafi fljótlega komið í ljós, að aðrir lögreglumenn voru komnir á vettvang. Ákærða hafi borið, að hún hafi drukkið af áfengisflösku, sem hún sýndi

þeim, en vitnið mundi nú ekki hve mikið. Vitninu var þá sýnd áfengisflaska, merkt ákærðu, og kvaðst telja, að flaskan hafi verið ámóta mikið átekin og þessi flaska.

Vitnið Hilmar Þorbjörnsson kannaðist við að hafa tekið varðstjóráskýrslu af ákærðu. Hann minntist þess, að hún hafi borið, að hún hefði ekki neytt áfengis fyrr en að akstri loknum. Varðandi útlit og önnur einkenni ákærðu vísaði hann til varðstjóráskýrslunnar, sem hann kvaðst hafa gert eftir bestu vitund. Hann kvaðst hafa merkt hvannarótarbrennivínsflösku þá, sem lögreglumennirnir komu með og sögðust hafa tekið úr vörslum ákærðu. Merkti hann flöskuna og innsiglaði með einangrunarbandi. Kannaðist hann við flöskuna, sem honum var sýnd í dóminum, merкта með skýrslunúmerinu S-1024/82.

Ákærða hefur ekki fyrr sætt kærum eða refsingum, svo kunnugt sé.

#### *Niðurstöður.*

Ákærða hefur borið, að hún hafi einvörðungu neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Allt frá því er hún var handtekin, kvaðst hún hafa neytt þess áfengis, sem á vantaði á brennivínsflösku þá, sem hald var lagt á á heimili hennar. Við yfirheyrslur fyrir dómi kvaðst hún hins vegar einnig hafa neytt óblandaðs áfengis úr glasi, sem var til staðar, þegar hún kom heim. Samkvæmt framburði lögreglumannanna komu þeir á staðinn, örskömmu eftir að ákærða kom heim, og u. þ. b. 5 - 10 mínútum síðar voru þeir komnir inn í íbúðina. Á þessum skamma tíma kveðst ákærða hafa drukkið allt það áfengismagn, sem mældist í blóði hennar, eða 1.96‰. Ákærða hafði að vísu tækifæri til að neyta áfengis, eftir að hún kom heim, og benti hin átekna áfengisflaska til þess, að svo hafi hún gert. Hins vegar þykir með ólíkindum, að hún hafi neytt svo mikils magns áfengis á svo skömmum tíma og að hún þá þegar hafi borið þau merki áfengisneyslu, sem raun ber vitni samkvæmt framburðum þeirra lögreglumanna, sem komu á heimili hennar. Það, að ákærða ók af vettvangi, styrkir þann grun, að hún hafi þá þegar verið undir áhrifum áfengis. Sú viðbára ákærðu, að hún hafi „sjokkerast“ og á hana hafi komið fum og því hafi hún ekið rakleiðis heim, er ekki trúverðug, heldur er sú skýring nærtækari, að hún hafi farið af vettvangi, þar sem hún var undir áhrifum áfengis þegar við áreksturinn. Þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærða hafi með atferli sínu gerst sek um atferli það, sem hún er ákærð fyrir og réttilega er heimfært til lagaákvæða í ákæru.

Refsing ákærðu þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin 5.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en ella sæti ákærða varðhaldi í 10 daga. Einnig ber að svipta ákærðu ökuréttindum samkvæmt 81. gr. umferðarlaga í 12 mánuði frá

uppkvaðningu dómsins að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum dómsákvæðis þessa, sbr. 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga og 178. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hennar, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmans, kr. 3.500.00.

#### D ó m s o r ð:

Ákærða, Erna Geirlaug Mathiesen, greiði kr. 5.000.00 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærða er svipt ökuréttindum í 12 mánuði frá uppkvaðningu dómsins að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum dómsákvæðis þessa.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, kr. 3.500.00.

Föstudaginn 27. maí 1983.

Nr. 103/1983. **María Magnúsdóttir**

gegn

**Elínbjörgu Eggertsdóttur**

**Heimi Jenssyni**

**Árna Jenssyni**

**Þóroddi Skaftasyni og**

**John W. Sewell.**

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Sigurgeir Jónsson hæstaréttardómari og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Með kæru 3. maí 1983, sem barst Hæstarétti 19. sama mánaðar, hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir héraðsdómarann að dæma málið að efni til.